



Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla

Leikskólasamstarf

Lindaskóli er í samstarfi við leikskólana Dal og Núp. Tilgangur samstarfsins er að kynna grunnskólann fyrir elstu börnum leikskólanna og að yngstu nemendur grunnskólans haldi tengslum við leikskólana. Með samstarfinu er verið að brúa bilið milli leik- og grunnskóla og auka samfellu í námi nemenda. Samstarf skólanna felst í gagnkvæmum heimsóknnum sem er ein leið til að styrkja tengslin á milli skólastiganna.

Nemendur 1. bekkja heimsækja leikskólana einu sinni yfir veturinn í nóvember. Nemendum er boðið að vera með elstu börnum leikskólans í valstund. Ákveðin svæði eru í vali, t.d. salur, þar sem reynt er á hreyfifærni og farið í leiki, listsköpun í Listaskála, byggingaleikur og fleira. Boðið er upp á veitingar sem leikskólabörnin hjálpa til við að framreiða og sungið er saman. Hér fá börnin tækifæri til að sýna sinn skóla og eru jafnvel að taka á móti vinum sínum sem voru veturinn áður í leikskólanum.

Elstu börn leikskólanna fara í nokkrar heimsóknir í Lindaskóla. Í fyrstu heimsókninni í október taka þau þátt í kennslustund 1. bekkjar og fá þannig innsýn í skólastarfið. Börnin syngja saman, búa til stafinn sinn og fá vinnuhefti með foræfingum. Í janúar eru leikskólabörnin með 1. bekk í skólatíma og íþróttum. Íþróttirnar fara fram í íþróttasal Lindaskóla þar sem börnin hitta íþróttakennarana og njóta leiðsagnar þeirra og fara að því loknu í sturtu. Í febrúar taka leikskólabörnin þátt í samstund með 1. bekk þar sem sungið er saman og flutt eru einhver atriði. Að samstund lokinni fara leikskólabörnin með nemendum 1. bekkja í matsal skólans og borða þar saman. Í apríl, maí fara leik- og grunnskólabörnin saman í útinám ýmist á skólalóð Lindaskóla eða uppi í Lindaskógi.



Dægradvöl Lindaskóla er opin fyrir leikskólana tvo morgna í viku. Þá hafa leikskólarnir eitt rými út af fyrir sig í leik- og starfi og þannig kynnast leikskólabörnin betur húsnaði grunnskólans. Forstöðumaður dægradvalar tekur á móti börnunum í fyrstu haustheimsókninni þar sem hann kynnir sig, starfið og húsnaðið.

Þriðjudaginn 8. nóvember ganga nemendur og starfsmenn í leik- og grunnskólunum í Lindahverfi saman gegn einelti. Þá er genginn ákveðinn hringur í hverfinu, grunnskólanemendur sækja leikskólanemendur, og stoppað er á skólalóð Lindaskóla þar sem allir dansa og leika sér saman.

Aukin tengsl á milli elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans eru gagnleg fyrir báða aldurshópa. Mikilvægt er að vinátta og traust skapist á milli barnanna, þannig að leikskólabörnin hlakki til að hefja nám í grunnskóla.

Framhaldsskólasamstarf

Lindaskóli er í samvinnu við MK vegna kennslu í stærðfræði 203 og ensku 203 eða öðrum áfanga eins og það kallast. Þessir áfangar eru kenndir í Lindaskóla af kennurum hér í skólanum en lokaprófin eru tekin í MK.